



LÆSISSTEFNA
LEIKSKÓLANNA
Á AKRANESI



Umbrot og útlit: Unnur Jónsdóttir
Prentun: Prentmet Oddi

LÆSISSTEFNA AKRANESKAUPSTAÐAR 2020

Hlustun



Orðaforði og
málskilningur



Máltjáning



Stofabekking



Hljóðkerfisvitund

Formáli

Í september árið 2015 skrifaði Regína Ásvaldsdóttir, þáverandi bæjarstjóri Akraneskaupstaðar, undir Þjóðarsáttmála um læsi og í febrúar 2016 tók til starfa starfshópur um læsi í leik- og grunnskólum. Hlutverk starfshópsins var að leita upplýsinga um hvernig skólar uppfylltu Þjóðarsáttmála um læsi og finna leiðir í Hvítbók til að ná þeim markmiðum. Auk þess var hlutverk hópsins að koma með tillögur um hvernig hægt er að tryggja samfellu í læsi á milli skólastiga.

Starfshópurinn gerði athugasemd við að ekki var til læsisstefna fyrir leikskóla, heldur einungis fyrir grunnskóla, og því væri nauðsynlegt að gera sameiginlega læsisstefnu fyrir leikskólana á Akranesi. Í kjölfar þessa sóttu leikskólarnir sameiginlega um þróunarstyrk til Akraneskaupstaðar. Styrkurinn var veittur til tveggja ára frá 2017-2019. Ákveðið var að aðstoðarleikskólastjórar/sérkennslustjórar leikskólanna leiddu vinnu við gerð sameiginlegrar læsisstefnu leikskóla Akraness.

Í starfshópnum voru sérkennslustjórar leikskólanna Guðrún Bragadóttir frá Akraseli, Ingunn Sveinsdóttir frá Garðaseli, Valdís Sigurðardóttir og Íris Guðrún Sigurðardóttir frá Teigaseli og Vilborg Valgeirsdóttir frá Vallarseli. Að auki veitti Bergrós Ólafsdóttir Glad, talmeinafræðingur, starfshópnum ráðgjöf. Hlutverk starfshópsins var að samræma starfshætti í leikskólum á Akranesi.

Samkvæmt aðgerðaráætlun var farið í eftirfarandi vinnu:

- Að kynna verkefnið fyrir starfsfólki.
- Að koma fræðslu um læsi til starfsfólks og foreldra.
- Að auka færni starfsfólks í vinnu með læsi.
- Að kynna sér hvað aðrir leikskólar og sveitarfélög eru að gera.
- Að samræma starfshætti í leikskólum Akraneskaupstaðar varðandi læsi.
- Að vinna læsisstefnu fyrir leikskóla Akraneskaupstaðar.
- Að yfirfara og bæta við kennsluefni í hverjum leikskóla.

Starfshópurinn kynnti sér hvað önnur sveitarfélög höfðu gert varðandi læsi. Starfshættir leikskóla á Akranesi voru skoðaðir og rætt var um sameiginlegar áherslur og markmið leikskólanna varðandi læsi. Farið var yfir og rætt um hvaða matstæki og námsefni voru nýtt innan skólanna, sem og hvaða námsumhverfi var boðið upp á. Auk þess voru fengnir fyrirlesarar til að fræða bæði foreldra og starfsfólk um mikilvægi læsis. Starfshópurinn vann síðan sameiginlegar áherslur í málörvun og læsi fyrir leikskólabörn á Akranesi. Ákveðið var að skipta markmiðum og leiðum eftir aldurshópum og hafa þær einfaldar og skýrar fyrir starfsfólk, foreldra og aðra sem koma að vinnu með börnum á leikskólaaldri. Útbúin voru tvö vinnuhefti, annað fyrir starfsfólk leikskóla og hitt fyrir foreldra. Í heftunum er farið yfir fimm meginþætti sem allir stuðla að auknum málþroska og góðum undirbúningi fyrir lestrarnám. Hver leikskóli á að útfæra viðfangsefnin nánar.

Fimm áherslupættir í málörvun og læsi



Hlustun

Hlustun felur í sér færni í að geta staldrað við, hlustað og einbeitt sér að því að túlka umhverfishljóð og talmál. Hún er undirstaða málskilnings, máltjáningar og viðeigandi boðskipta. Það þarf að kenna börnum að hlusta og örva þau frá fyrstu tíð. Það er gert með því að tala við þau og lesa fyrir þau. Með því að barn hlusti byggir það upp orðaforða og lærir þannig að skilja talað mál áður en það byrjar að tala sjálf. Virk hlustun er mikilvæg í samskiptum, ekki síst í leik (Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 1999, bls. 9-10).



Orðaforði og málskilningur

Orðaforði er safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu. Greinarmunur er gerður á virkum og óvirkum orðaforða. Virkur orðaforði samanstendur af þeim orðum sem einstaklingurinn notar, en í óvirka orðaforðanum er að finna þau orð sem einstaklingurinn þekkir og skilur þegar hann rekst á þau (Kamil og Hiebert, 2005). Orðaforði er grundvallarþáttur í því að skilja talað og ritað mál. Góður orðaforði er undirstaða lesskilnings, sem er hæfni einstaklings til að skilja og átta sig á innihaldi texta. Orðaforða hefur verið skipt í þrjú þyngdarstig: **Stig 1** (grunnlag) eru algeng orð sem eru mikið í talmáli. **Stig 2** (millilag) eru margræð orð, orðatiltæki og málshættir sem sjást í ritmáli en heyrast sjaldan í tali. **Stig 3** (efsta lag) eru sérhæfð orð sem lærast í tengslum við ákveðin viðfangsefni (Beck, McKeown og Kucan, 2002). Börn sem hljóta mikla málörvun heima fyrir með lestri eða samtölum við fullorðna fá aukinn og ríkari orðaforða en þau börn sem ekki fá sömu hvatningu (Sénéchal, 1997). Markviss og góð orðaforðakennsla á leikskólum er mikilvæg.



Máltjáning

Máltjáning er færni til að setja orð á hugsanir sínar á skipulegan hátt. Flétta þarf saman orðaforða, málfræði og framburði til þess að úr verði ein skiljanleg heild. Máltjáningin er mikilvægur þáttur í málþróun barns og einn af undirstöðupáttum lesskilnings (Steinunn Torfadóttir, e.d.). Til að leggja grunn að betri lesskilningi er mikilvægt að leggja áherslu á máltjáningu barna. Sérstaklega er mælt með að vinna markvisst með hærra stigs orðaforða og djúpan lesskilning bæði í töluðu og rituðu máli (Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson, 2017).

Fimm áherslupættir í málörvun og læsi



Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er hugtak sem sameinar mörg viðfangsefni sem tengjast þeim hljóðum sem við heyrum í kringum okkur og hljóðum sem við heyrum í töluðu máli. Hljóðkerfisvitund er tilfinning og næmi einstaklings fyrir uppbyggingu tungumáls, færnin að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. Nokkrar rannsóknir hafa sýnt fram á að sterk hljóðkerfisvitund hjá börnum auðveldi börnum að læra að lesa. Góð hljóðkerfisvitund er forsenda þess að barn geti skilið tengsl á milli bókstafa og hljóða og geti lesið úr bókstafatáknum

(Helga Sigurmundsdóttir, e.d.).



Stafaþekking og ritun

Einn af undirstöðupáttum lesturs er stafaþekking. Það að hafa góða þekkingu á bókstöfum og máhljóðum þeirra er forsenda fyrir því að ná árangri í lestri. Hljóðaaðferð er lestrar-kennsluaðferð þar sem bókstöfum er breytt í hljóð og orð. Samkvæmt National Reading Panel er hljóðaaðferðin árangursríkasta kennsluaðferðin við að kenna umskráningu lestrar (Helga Sigmundsdóttir, 2011). Áður en börn fara að draga til stafs er mikilvægt að þau hafi vald á skriffærum. Það er því mikilvægt að vinna einnig með grip um skriffæri og færni við að beita þeim áður en börn fara að skrifa stafi.



Heimildaskrá

Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2002). *Bringing Words to Life: Robust vocabulary instruction*. New York: Guilford Press.

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (1999). *Markviss málörvun – þjálfun hljóðkerfisvitundar*. (bls. 9-12). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.). Hljóðavitund. Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/node/211>

Helga Sigurmundsdóttir. (2011). Að þjálfra færni í umskráningu. Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis: Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla*. Handbók (bls. 85-93). Reykjavík: Menntamálastofnun.

Kamil, M. L. og Hiebert, E. H. (2005). Teaching and Learning Vocabulary: Perspectives and Persistent Issues. Í E. H. Hiebert og M. L. Kamil (ritstjórar), *Teaching and Learning Vocabulary: Bringing Research to Practice* (bls. 1-23). New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates Publishers.

Sénéchal, M. (1997). The differential effect of storybook reading on preschoolers' acquisition of expressive and receptive vocabulary. *Journal of Child Language*, 24(1), 123-138.

Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2017). Hnignandi frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/16.pdf>

Steinunn Torfadóttir. (e.d.). Málþroski og læsi. Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/node/173>



Börn 1 til 3 ára



Áherslur í málörvun og læsi fyrir leikskóla

Börn 1 til 3 ára



Styðja við móðurmál allra barna eins og hægt er.

Hvernig? Fánar og kveðjur á tungumáli barnanna.
Sungin eru lög á tungumálum barnanna.
Heimsóknir foreldra/lestur á móðurmáli.

Góð samvinna við foreldra.

Hvernig? Foreldrar fá afhent hagnýt ráð fyrir foreldra og forráðamenn ungra barna við upphaf skólagöngu eða í fyrsta foreldraviðtali.
Foreldrar fylla út spurningalista fyrir foreldra ungra barna úr bókinni snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna.
TRAS skráningarlisti kynntur. Hvatt er til yndislesturs heima.

Jákvæð upplifun af lestri og tjáningu.

Hvernig? Gefa öllum börnum tíma í daglegu starfi þar sem hægt er að lesa fyrir þau í litlum hóp. Hafa lifandi lestur og virka hlustun að leiðarljósi.

Skimunartæki í leikskóla

- Brigance og PEDS í 2 ára skoðun hjá heilsugæslu
- Spurningalisti til foreldra úr bókinni Snemmtæk íhlutun í málörvun 2 og 3 ára barna
- TRAS-skráningarlisti
- Orðaskil – ef grunur er um frávik
- Íslenski smábarnalistinn – ef grunur er um frávik
- A.E.P.S.-listinn – ef grunur er um frávik

Leikskólabörn 1 til 3 ára

Áherslur í starfi:

Leiðir:

Hlustun



- Að börn hlusti á sögur og lestur daglega
- Æfa að fara eftir fyrir mælum
- Vinna með boðskipti, bíða, sitja, hlusta, gera til skiptis
- Tónlist, vinna með hugtökin byrja – stoppa

- Námsefni:
- Bókasafn leikskólans og Akraneskaupstaðar
 - Bókin *Bína bálreiða* - boðskipti og stýritákn
 - Hlusta á tónlist
 - Dans

Orðaforði og málskilningur



- Næg tækifæri fyrir barn að upplifa með því að snerta, meðhöndla, sjá og hlusta
- Vera í augnhæð barnsins
- Fylgja frumkvæði barnsins
- Setja orð á hluti og athafnir
- Leggja áherslu á lykilorð
- Nota tákn með tali
- Starfsfólk notar fjölbreyttan og blæbrigðaríkan orðaforða
- Gefa einföld fyrir mæli
- Lestrarstundir daglega

- Námsefni:
- *Orðaforðalisti* – hefti, muna að nota líka 2. stigs orðaforða
 - Fjölbreytt lestrarefni sem hæfir þroska og aldri barnanna
 - Bókasafn leikskólans og Akraneskaupstaðar
 - *Mimi bækurnar*
 - Orðabingó

Máltjóning



- Hvetja börn til þess að tjá sig og búa til aðstæður þar sem þau þurfa að tjá sig
- Nýta allt daglegt starf og nota opnar spurningar við börnin
- Nýta sérstaklega matmálstíma og samveru

- Námsefni:
- *Orðaforðalisti* – hefti, muna að nota líka 2. stigs orðaforða
 - Fjölbreytt lestrarefni sem hæfir þroska og aldri barnanna
 - Bókasafn leikskólans og Akraneskaupstaðar
 - *Mimi bækurnar*
 - Orðabingó

Leikskólabörn 1 til 3 ára

Áherslur í starfi:

Leiðir:

Hljóðkerfisvitund



- Vísur og romsur
- Klappa, slá takt
- Söngur og hreyfileikir
- Eftirherma
- Dýrahljóð, flokka og para
- Fyrsti stafur í eigin nafni

- Námsefni:
- SOL-bækurnar
 - Hljóðabingó
 - Bókin *Lubbi finnur málbein*
 - *Lærum og leikum með hljóðin*, bækur, spil og smáforrit

Stafabekking og ritun



- Skrifa nöfn barnanna á fatahólf, merkja myndir barnanna, merkja sæti
- Flokka og para stafi á fjölbreyttan máta

- Námsefni:
- Ritföng aðgengileg
 - Bókstafir í formi kubba, mynda og stakra stafa til forskriftar
 - Bókstafir sem leikefni fyrir frjálsan leik



Börn 3 til 4 ára



Áherslur í málörvun og læsi fyrir leikskóla

Börn 3 til 4 ára



Styðja við móðurmál allra barna eins og hægt er.

Hvernig? Fánar og kveðjur á tungumáli barnanna.
Sungin eru lög á tungumálum barnanna.
Heimsóknir foreldra/lestur á móðurmáli.

Góð samvinna við foreldra.

Hvernig? Börn taka Lubba-bangsann með sér heim eina helgi og foreldrar skrá niður það sem hann gerði yfir helgina. Farið er yfir TRAS-skráningarlistann í foreldraviðtölum. Hvatt er til yndislesturs heima.

Jákvæð upplifun af lestri og tjáningu.

Hvernig? Gefa öllum börnum tíma í daglegu starfi þar sem hægt er að lesa fyrir þau í litlum hóp. Hafa lifandi lestur og virka hlustun að leiðarljósi. Börn hvött til að standa upp og segja frá, t.d. upplifun og sögu.

Skimunartæki í leikskóla

- TRAS – skráningarlisti fyrir málþroska og félagsfærni
- EFI-2 – málþroskaskimun
- Íslenski þroskalistinn – ef grunur er um frávík
- A.E.P.S.-listinn – ef grunur er um frávík

Leikskólabörn 3 til 4 ára

Áherslur í starfi:

Leiðir:

Hlustun



- Að börn hlusti á sögur og lestur daglega
- Æfa að fara eftir fyrirmælum
- Vinna með boðskipti, bíða, sitja, hlusta, gera til skiptis

- Námsefni:
- Tónlist, dans og fyrirmælaleikir, s.s. flöskustútur, búðarleikur, Jósep segir o.s.frv.
 - Bókin *Bína bálreiða* - boðskipti og stýritákn

Orðaforði og málskilningur



- Vera í augnhæð barnsins og fylgja frumkvæði þess
- Starfsfólk notar fjölbreyttan og blæbrigðaríkan orðaforða
- Gefa einföld fyrirmæli
- Lestrarstundir daglega
- Spyrja börnin spurninga úr textanum, draga ályktanir, geta sér til
- Taka ný orð úr lestexta og vinna með á fjölbreyttan máta

- Námsefni:
- *Orðaforðalisti* – hefti, muna að nota líka 2. stigs orðaforða
 - Fjölbreytt lestrarefni sem hæfir þroska og aldri barnanna
 - Bókasafn leikskólans og Akraneskaupstaðar
 - Bókaormur, koma með bækur að heiman
 - Orðabingó
 - *Tölum saman*
 - Spil, t.d. *Mitt fyrsta Alias* og *Krakka segðu*
 - *Orðagull* - bók og smáforrit
 - Ýmis önnur smáforrit

Máltjóning



- Hvetja börn til þess að tjá sig og búa til aðstæður sem ýta undir tjáningu
- Nýta allt daglegt starf
- Nýta sérstaklega matmálstíma og samveru
- Lesa sömu bókina nokkrum sinnum og fá börnin til að fylla inn í eyðurnar/botna setningar

- Námsefni:
- Bingó – börnin skiptast á að vera bingóstjórar
 - Hlutverkaleikir, eins og dúkkuleikur, búningaleikur
 - Bókalestur

Leikskólabörn 3 til 4 ára

Áherslur í starfi:

Leiðir:

Hljóðkerfis-
vítund



- Klappa í takt, klappa samstöfur
- Rím og romsur,
- Stafir og hljóð þeirra

- Námsefni:
- SOL-bókin 2-9 ára
 - Ýmis smáforrit í spjaldtölvu
 - Markviss málörvun
 - Bókin *Lubbi finnur málbein*
 - *Lærum og leikum með hljóðin* - bækur, spil og smáforrit
 - *Leikur að læra* - verkefni

Stafopæking
og ritun




- Vinna með grip um skriffæri
- Spora og tengja með skriffærum eða fingri
- Skrifa stafinn sinn
- Flokka og para stafi á fjölbreyttan máta

- Námsefni:
- Ritföng aðgengileg, m.a. tússtafla, töflutúss
 - Bókstafir sem leikefni í frjálsum leik
 - Bókstafir í formi kubba, mynda og stakra stafa til forskriftar
 - Verkefnablöð eða verkefni í spjaldtölvu



Börn 4 til 5 ára



Áherslur í málörvun og læsi fyrir leikskóla

Börn 4 til 5 ára



Styðja við móðurmál allra barna eins og hægt er.

Hvernig? Fánar og kveðjur á tungumáli barnanna.
Sungin eru lög á tungumálum barnanna.
Heimsóknir foreldra/lestur á móðurmáli.

Góð samvinna við foreldra.

Hvernig? Farið yfir TRAS-skráningarlistann, lestrarátakið *Bókaormurinn* virkjað sem hvetur til aukins yndislesturs heima.

Jákvæð upplifun af lestri og tjáningu.

Hvernig? Gefa öllum börnum tíma í daglegu starfi þar sem hægt er að lesa fyrir þau í litlum hópum. Hafa lifandi lestur og virka hlustun að leiðarljósi. Aukin leikræn tjáning í starfi, börnum boðið að koma með og kynna bækur sem eru svo lesnar í leikskólanum.

Skimunartæki í leikskóla

- Brigance og PEDS í 4 ½ árs skoðun hjá heilsugæslu
- TRAS – skráningarlisti
- Íslenski þroskalistinn – ef grunur er um frávik
- A.E.P.S.-listinn – ef grunur er um frávik

Leikskólabörn 4 til 5 ára

Áherslur í starfi:

Leiðir:

Hlustun



- Að börn hlusti á sögur og lestur daglega
- Æfa að fara eftir fyrirmælum

Námsefni: • Tónlist, dans og fyrirmælaleikir s.s. flöskustútur, búðarleikur, Jósep segir o.s.frv.

Orðaforði og málskilningur



- Fylgja frumkvæði barnsins
- Starfsfólk notar fjölbreyttan og blæbrigðaríkan orðaforða
- Lestrarstundir daglega
- Spyrja börnin spurninga úr textanum, draga ályktanir, geta sér til
- Taka ný orð úr lestexta og vinna með á fjölbreyttan máta

Námsefni: • *Orðaforðalisti* – hefti, muna að nota líka 2. stigs orðaforða

- Fjölbreytt lestrarefni sem hæfir þroska og aldri barnanna
- Bókasafn leikskólans og Akraneskaupstaðar
- *Bókaormur*, koma með bækur að heiman
- Tölum saman
- Spil, t.d. *Mitt fyrsta Alias*, *Krakka Alias* og *Krakka segðu*
- *Orðagull* og/eða önnur verkefni/leikir þar sem unnið er með fyrirmæli

Máltjóning



- Hvetja börn til þess að tjá sig og búa til aðstæður sem ýta undir tjáningu
- Nýta allt daglegt starf
- Nýta sérstaklega matmálstíma og samveru
- Lesa sömu bókina nokkrum sinnum og fá börnin til að fylla inn í eyðurnar/botna setningar

Námsefni: • Sögustóll

- Þingó – börnin skiptast á að vera þingóstjórar
- Hlutverkaleikir, eins og dúkkuleikur, búningaleikur

Leikskólabörn 4 til 5 ára

Áherslur í starfi:

Leiðir:

Hljóðkerfis-
vitund



- Unnið með rím, samstöfur, stafi, hljóð stafa, samsett orð og hljóðgreiningu
- Klappa í takt, klappa samstöfur

- Námsefni:
- SOL-bókin 2-9 ára
 - Ýmis smáforrit í spjaldtölvu
 - Markviss málörvun
 - Hugur og fluga, hljóðkerfisvitund
 - Ljáðu mér eyra – bók og spilastokkar
 - Bókin Lubbi finnur málbein og spilið Hljóðasmiðja Lubba
 - Leikur að læra - verkefni

Stafopækning
og ritun




- Spora og tengja með skriffærum
- Vinna með grip um skriffæri
- Flokka og para stafi á fjölbreyttan máta
- Skrifa stafi

- Námsefni:
- Ritföng aðgengileg, m.a. tússtafla, töflutúss
 - Bókstafir sem leikefni í frjálsum leik
 - Bókstafir í formi kubba, mynda og stakra stafa til forskriftar
 - Verkefnablöð eða verkefni í spjaldtölvu



Börn 5 til 6 ára



Áherslur í málörvun og læsi fyrir leikskóla

Börn 5 til 6 ára



Styðja við móðurmál allra barna eins og hægt er.

Hvernig? Fána og kveðjur á tungumáli barnanna.
Sungin eru lög á tungumálum barnanna.
Heimsóknir foreldra/lestur á móðurmáli.

Góð samvinna við foreldra.

Hvernig? Foreldrum eru kynntar niðurstöður Hljóm-2 athugunar að hausti.
Lestrarátakið Bókaormurinn virkjað sem hvetur til aukins yndislesturs heima.
Stjarna vikunnar kemur með bók að heiman til að lesa í leikskólanum.

Jákvæð upplifun af lestri og tjáningu.

Hvernig? Gefa öllum börnum tíma í daglegu starfi þar sem hægt er að lesa fyrir þau í litlum hópum. Hafa lifandi lestur og virka hlustun að leiðarljósi.
Vinna markvisst með leikræna tjáningu í gegnum sögur. Börnum boðið að koma með og kynna bækur sem eru svo lesnar í leikskólanum.

Skimunartæki í leikskóla

- TRAS – skráningarlisti fyrir málþroska og félagsfærni
- Hljóm-2 – metur hljóðkerfisvitund barna
- Íslenski þroskalistinn – ef grunur er um frávík
- A.E.P.S.-listinn – ef grunur er um frávík

Leikskólabörn 5 til 6 ára

Áherslur í starfi:

Leiðir:

Hlustun



- Að börn hlusti á sögur og lestur daglega
- Fara eftir fyrirmælum

- Námsefni:
- Tónlist og dans
 - Fyrirmælaeikir s.s. flöskustútur, búðarleikur, Jósep segir o.s.frv.
 - *Orðagull*
 - Spil, t.d. *Mitt fyrsta Alias*, *Krakka Alias* og *Krakka segðu*

Orðaforði og málskiðningur



- Lestrarstundir daglega
- Fjölbreytt lestrarefni sem hæfir þroska og aldri barnanna
- Spyrja börnin spurninga úr textanum, draga ályktanir, geta sér til um
- Starfsfólk notar fjölbreyttan orðaforða
- Taka ný orð úr lestexta og vinna með á fjölbreyttan máta

- Námsefni:
- *Orðaforðalisti* – hefti, muna að nota líka 2. stigs orðaforða
 - Fjölbreytt lestrarefni sem hæfir þroska og aldri barnanna
 - Bókasafn leikskólans og Akraneskaupstaðar
 - *Bókaormur*, koma með bækur að heiman
 - Tölum saman
 - Spil, t.d. *Mitt fyrsta Alias*, *Krakka Alias* og *Krakka segðu*
 - *Orðagull* og/eða önnur verkefni/leikir þar sem unnið er með fyrirmæli

Máltjóning



- Nýta allt daglegt starf
- Nýta sérstaklega matmálstíma og samveru
- Frásögn
- Kynna verkefni fyrir öðrum
- Búa til sögur

- Námsefni:
- Sögustóll

Leikskólabörn 5 til 6 ára

Áherslur í starfi:

Leiðir:

Hljóðkerfis-
vitund



- Unnið með rím, samstöfur, hljóð stafa, samsett orð, hljóðgreiningu og sundurgreiningu
- Stafir og hljóð

Námsefni:

- SOL-bókin
- Ýmis smáforrit í spjaldtölvu
- Markviss málörvun - bókin
- Hugur og fluga, hljóðkerfisvitund og spil
- Tölum saman - bókin
- Ljáðu mér eyra – bók og spilastokkar
- Bókin Lubbi finnur málbein og spilið Hljóðasmiðja Lubba
- Leikur að læra verkefni

Stafabekking
og ritun



- Spora og tengja með skriffærum
- Vinna með grip um skriffæri
- Flokka og para stafi á fjölbreyttan máta
- Skrifa stafi og orð

Námsefni:

- Tússtafla, töflutúss
- Ritföng aðgengileg
- Verkefnablöð eða verkefni í spjaldtölvu
- Bókstafir í formi kubba, mynda og stakra stafa til forskriftar
- Bókstafir sem leikefni
- Stakir stafir og orð til forskriftar